



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 10/2019**

**Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir  
lúkningarhluta leigulína  
(Markaður 6/2008)**

Málsnúmer: 2018040002

**16. apríl 2019**

**EFNISYFIRLIT****Bls.**

1	Inngangur .....	3
2	Ákvörðun PFS nr. 8/2014 .....	3
3	Ákvörðun PFS nr. 7/2017 um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína.....	5
4	Bréfaskipti við Mílu.....	7
5	Niðurstaða PFS .....	8
5.1	Almennt .....	8
5.2	Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar .....	8
5.3	Línufjöldi .....	8
5.3.1	Kostnaðargreining Mílu .....	8
5.3.2	Afstaða PFS.....	10
5.4	Rekstrarkostnaður.....	10
5.4.1	Kostnaðargreining Mílu .....	10
5.4.2	Afstaða PFS.....	11
5.5	Kostnaður vegna búnaðar .....	13
5.5.1	Kostnaðargreining Mílu .....	13
5.5.2	Afstaða PFS.....	14
5.6	Útreikningur leiguverðs .....	14
5.7	Niðurstaða PFS.....	16



## 1 Inngangur

- 1) Verðskrá Mílu ehf. (Mílu) fyrir lúkningarluta leigulína sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 8/2014, dags. 6. maí 2014.
- 2) Þær vörur sem verðskrá Mílu nær til tilheyrta heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína sem er markaður 6 samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2008<sup>1</sup> (markaður 6/2008). Um er að ræða lúkningarluta leigulína sem byggja á koparheimtaugum og þá sérstaklega Ethernet yfir kopar (EYK) og stafrænar leigulínur upp að 2 Mb/s sem nýta SHDSL tækni (SHDSL leigulínur).
- 3) Fyrirhuguð niðurstaða PFS byggir á kostnaðargreiningu Mílu fyrir lúkningarluta leigulína sem fyrirtækið lagði upphaflega fram þann 10. apríl 2018 og var uppfærð þann 29. ágúst 2018 í samræmi við fyrirhugaða niðurstöðu um mánaðarverð fyrir koparheimtaugar.
- 4) Samhliða kostnaðargreiningu á markaði 6/2008 hefur PFS haft til meðferðar kostnaðareiningar vegna gjaldskráa Mílu fyrir koparheimtaugar (markaður 4/2008) og bitastraumsaðgang (markaður 5/2008). Vegna innbyrðis tengsla þessara gjaldskráa er nauðsynlegt að þær taki gildi á sama.
- 5) PFS efndi til innanlandssamráðs um frumdrög að þessari ákvörðun þann 21. desember 2018 og lauk því þann 23. janúar 2019. Engar athugasemdir bárust stofnuninni í samráðinu.
- 6) Drög að ákvörðuninni voru send til ESA og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs þann 11. mars sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Samráðinu lauk þann 10. apríl sl. og hefur PFS mótttekið álit ESA sem fylgir með í viðauka II við ákvörðun þessa. ESA gerði ekki athugasemdir við ákvörðunardrögin.
- 7) Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu PFS.

## 2 Ákvörðun PFS nr. 8/2014

- 8) Með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greindi PFS heildsölumarkað fyrir lúkningarluta leigulína (markað 6) og var niðurstaða PFS birt í ákvörðun stofnunarinnar nr. 8/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína þann 6. maí 2014.
- 9) Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Mílu um að gjaldskrá vegna heildsöluþjónustu fyrir lúkningarluta leigulína fyrirtækisins væri kostnaðarviðmiðuð. Við ákvörðun verðs fyrir lúkningarluta leigulína skal Míla beita kostnaðargreiningaraðferð sem

---

<sup>1</sup> ESA hefur nú gefið út ný tilmæli ESA um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu: „EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).”



byggir á sögulegum kostnaði sem er heimfærður á viðkomandi þjónustur (HCA FAC) og verð endabúnaðar miðað við sviptivirði.

10) Við framkvæmd kostnaðargreiningar sinnar skal Míla byggja á IV. kafla reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, s.s. um mat rekstrarfjármuna, líftíma og ávöxtunarkröfu. Jafnframt skal tekið tillit til afstöðu PFS sem fram kom um forsendur og útreikninga í ákvörðun stofnunarinnar nr. 34/2011 varðandi kostnaðargreiningu fyrir lúkningarluta leigulína.

11) Í ákvörðuninni kom fram að heildsölugjaldskrá fyrir aðgang að lúkningarluta leigulína, skyldi byggja á eftirfarandi meginforsendum:

- Heimfærsla kostnaðar skal byggja á bókhaldslegum aðskilnaði aðgangsnets, eignabókhaldi Mílu og kostnaði úr bókhaldskerfi Mílu þar sem rekstrarkostnaður í aðgangsneti er skráður á bókhaldslykla.
- Kostnaður vegna leigu á heimtaugum skal vera samkvæmt heildsölugjaldskrá heimtauga Mílu hverju sinni.
- Við mat fjárfestingar í búnaði vegna lúkningarluta leigulína sérstaklega skal verð búnaðar miðað við sviptivirði á sambærilegum nýjum búnaði (Modern Equivalent Asset, MEA) og eðlilega<sup>2</sup> endurnýtingu á honum.
- Nota skal afskriftaraðferð sem endurspeglar nýtingarvirði eignar.
- Beita skal árgreiðsluáðferð til að reikna árlegan fjárfestingarkostnað.
- Línufjöldi skal reiknaður m.t.t. línuígilda.
- Fanga skal kostnað aðgangsnetsins, þ.m.t. hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, stjórnun, upplýsingatækni og yfirstjórn í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað.
- Miða skal við raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar<sup>3</sup> (WACC real) af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu, þar sem áhættuálag endurspeglar áhættu sem tengist starfsemi á viðkomandi markaði.
- Meðaltals einingarkostnaður fyrir landið allt skal vera reiknaður út frá heimfærðum rekstrar- og fjárfestingarkostnaði deilt á línufjölda eða ígildi þeirra.

12) Gjaldskrá Mílu skal endurskoðuð árlega í samræmi við árlega uppfærslu kostnaðargreiningarinnar.

---

<sup>2</sup> Í ákvörðun PFS nr. 34/2011 var miðað við 50% endurnýtingu.

<sup>3</sup> Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 564/2011 ákvarðar PFS árlega ávöxtunarkröfu fjármagns (WACC) sem fjarskiptafyrirtæki skulu miða við í útreikningum sínum.



### 3 Ákvörðun PFS nr. 7/2017 um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína

13) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 8/2014 lagði Míla fram kostnaðargreiningu vegna heildsöluaðgangs að lúkningarluta leigulína í apríl 2015.

14) Kostnaðarlíkan Mílu var að mestu byggt upp á sama hátt og í kostnaðargreiningu Mílu frá 2011, sbr. ákvörðun PFS nr. 34/2011 varðandi kostnaðargreiningu fyrir lúkningarluta leigulína.

15) Helsta breytingin á líkaninu var að miðað var við raunfjölda heimitauga sem nýttar eru við hvern gagnaflutningshraða en áður var fjöldinn metinn. Þetta hafði bæði áhrif til hækkunar og lækkunar á heimitaugakostnaði fyrir mismunandi gagnflutningshraða. Rekstrarkostnaður tók mið af kostnaði heimfærðum á leigulínur og Ethernet yfir kopar. Sameiginlegum rekstrarkostnaði var síðan skipt á milli Ethernet yfir kopar og leigulína í hlutfalli við fjölda sambanda. Fjárfestingar tóku mið af innkaupsverði og var miðað við óbreytta nýtingu á búnaði.

16) Núverandi heildsölugjaldskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína byggir á rekstrarárinu 2016 og var ákvörðuð með ákvörðun PFS nr. 7/2017, dags 30. maí 2017. Gjaldskráin er sem hér segir:

#### *Leigulína innan sama svæðis*

Hraði	Mánaðargjald
64 kb/s	7.859 kr.
128 kb/s	8.140 kr.
256 kb/s	8.421 kr.
512 kb/s	8.983 kr.
2 Mb/s	9.124 kr.
<hr/>	
<b>Stofngjald</b>	87.907 kr.

#### *Leigulína milli svæða*

Hraði	Mánaðargjald
64 kb/s	8.288 kr.
128 kb/s	8.569 kr.
256 kb/s	8.850 kr.
512 kb/s	9.413 kr.
2 Mb/s	9.553 kr.
<hr/>	
<b>Stofngjald</b>	152.225 kr.

***Leigulína einn leggur***

<b>Hraði</b>	<b>Mánaðargjald</b>
64 kb/s	4.144 kr.
128 kb/s	4.284 kr.
256 kb/s	4.425 kr.
512 kb/s	4.706 kr.
2 Mb/s	4.777 kr.
<hr/>	
<b>Stofngjald</b>	76.112 kr.

***Ethernet yfir kopar***

<b>Hraði</b>	<b>Mánaðargjald</b>
5 Mb/s	11.298 kr.
10 Mb/s	12.704 kr.
15 Mb/s	14.110 kr.
20 Mb/s	15.516 kr.
25 Mb/s	18.328 kr.
30 Mb/s	19.031 kr.
35 Mb/s	19.734 kr.
40 -100 Mb/s	20.437 kr.
<hr/>	
<b>Stofngjald</b>	95.587 kr.

***Önnur þjónusta***

<b>Þjónusta</b>	<b>Verð</b>
Flutningur á stafrænni línu innan svæðis	36.532 kr.
Flutningur á stafrænni línu milli svæða	73.064 kr.
Breyting á hraða, stafræn lína innan svæðis	16.899 kr.
Breyting á hraða, stafræn lína milli svæða	28.164 kr.
Afturköllun vinna hafin við uppsetningu línu	8.884 kr.
Afturköllun vinna hafin við uppsetningu á endabúnaði	36.614 kr.
EYK flutningur á sambandi	57.369 kr.
EYK breyting á hraða	16.889 kr.



#### 4 Bréfaskipti við Mílu

17) Með vísan til ákvörðunar PFS nr. 7/2017 lagði Míla fram þann 10. apríl 2018 kostnaðargreiningu fyrir lúkningarluta leigulína byggða á rekstrarári 2017. [...] <sup>4</sup>

18) Þann 29. ágúst 2018 lagði Míla fram uppfært kostnaðarlíkan miðað við endurreiknað heimtaugaverð og er það kostnaðarlíkanið sem niðurstaða PFS byggir á.

---

<sup>4</sup> Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að neðan

## 5 Niðurstaða PFS

### 5.1 Almennt

19) Í köflum 5.2 til 5.8 hér á eftir gefur að líta forsendur og niðurstöðu ákvörðunar PFS í þeirri kostnaðargreiningu, sem hér er til meðferðar. Fjallað er um helstu þætti sem PFS telur mikilvæga sem forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við útreikning gjaldskrár fyrir stafrænar leigulínur í aðgangsneti Mílu og Etherneti yfir kopar. Umræddir þættir eru eftirfarandi:

- Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar
- Línufjöldi
- Rekstrarkostnaður
- Kostnaður vegna búnaðar
- Útreikningur leiguverðs

20) Niðurstaða PFS byggir á heimild stofnunarinnar í fjarskiptalögum og vísast þá helst til 32. gr. um eftirlit með gjaldskrá og 31. gr. um bókhaldslegan aðskilnað, ásamt ákvörðun PFS nr. 8/2014 og 7/2017.

21) Míla hefur lagt fram lýsingu á kostnaðarbókhaldi fyrirtækisins ásamt skýrslu frá óháðum endurskoðanda. Kostnaðargreining Mílu er uppfærsla á kostnaðarlíkani fyrir lúkningarluta leigulína sem samþykkt var með ákvörðun PFS nr. 7/2017 en eina frávikið frá því er að Míla lagði fram ósk um að rekstrarkostnaður samkvæmt uppfærðu líkani yrði lækkaður vegna sérstakra aðstæðna á árinu 2017.

22) Niðurstaða PFS byggir á kostnaðargreiningu Mílu frá 10. apríl 2018 ásamt þeirri uppfærslu sem fyrirtækið lagði fram þann 29. ágúst 2018 og niðurstöðu PFS um koparheimtaugaverð.

### 5.2 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar

23) Í útreikningum sínum miðar Míla við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) upp á 7,1%, í samræmi við tilmæli PFS, sbr. kostnaðargreiningu Mílu fyrir koparheimtaugar.

### 5.3 Línufjöldi

#### 5.3.1 Kostnaðargreining Mílu

24) Í kostnaðargreiningu Mílu er miðað við fjölda lína í desember 2017.

25) Míla reiknar línuígildi á sama hátt og í síðustu kostnaðargreiningu.

26) Við mat á fjölda heimtauga í hverjum gagnaflutningshraða tekur Míla mið af fjölda sambanda og heimtauga í hverjum gagnaflutningshraða og reiknar meðalfjölda út frá því.





	Fjöldi leggja	Fjöldi Heimtauga	Meðalfjöldi	Námundun
64 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]
128 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]
256 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]
512 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]
2 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]

27) Niðurstaða Mílu varðandi línuígildi má sjá í töflunum hér að neðan:

	Fjöldi	Ígildisfjöldi	Fjöldi undirliggjandi heimtauga		
			Fjöldi heimtauga	Meðalfjöldi heimtauga	Fjöldi nú
<b>Ethernet yfir kopar</b>					
5 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
10 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
15 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
20 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
25 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
30 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
35 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
40 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
45 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Stafræn leigulína innan svæðis</b>					
64 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
128 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
256 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
512 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Stafræn leigulína milli svæða</b>					
64 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
128 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
256 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
512 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
<b>Stafræn leigulína einn leggur</b>					
64 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
128 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
256 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
512 kb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2 Mb/s.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]



### 5.3.2 Afstaða PFS

28) Útreikningar Mílu á línuígildum eru í samræmi við útreikninga í síðustu kostnaðargreiningu á lúkningarluta leigulína. PFS gerir ekki athugasemd við útreikninga Mílu á línuígildum og niðurstaðan er að útreikningar á leiguverði miðast við [...] línígildi. Um er að ræða [...]% fækkun ígilda milli ára. Línuígildin skiptast með þeim hætti að [...] tilheyra Ethernet yfir kopar og [...] stafrænum leigulínum (SHDSL).

## 5.4 Rekstrarkostnaður

### 5.4.1 Kostnaðargreining Mílu

29) Í kostnaðargreiningu Mílu er eftirfarandi tafla sem sýnir rekstrarkostnað yfir rekstrarárið 2017:

Rekstrarkostnaður 2017	Heild	Afsk/vxt	Heimtaugar	Án afskr vxt
61300 Leigulínur í aðgangsneti..		[...]	[...]	[...]
61301 Jaðarb.Höfuðborgarsvæði		[...]	[...]	[...]
61302 Jaðarb.Vesturl-Vestf.....		[...]	[...]	[...]
61303 Jaðarb. Norðurland.....		[...]	[...]	[...]
61304 Jaðarb. Austurland.....		[...]	[...]	[...]
61305 Jaðarb. Suðurland.....		[...]	[...]	[...]
61310 EYK jaðarbúnaður.....		[...]	[...]	[...]
Samtals		[...]	[...]	[...]

30) Stofngjöld eru að hluta til dregin frá rekstrarkostnaði á sama hátt og í síðustu greiningu.

	Stofngjöld	Fært á fjárf	Til fráð REK
EYK - Stofngjald.....	[...]	[...]	[...]
EYK - Flutningsgjald.....	[...]		[...]
EYK - Breyting á hraða.....	[...]		[...]
Stafræn lína einn leggur - flutningur.....	[...]		[...]
Stafræn lína einn leggur - Stofngjald....	[...]		[...]
Afturköllun, vinna við endabúnað hafin.	[...]		[...]
	[...]	[...]	[...]

31) Í kostnaðarlíkani Mílu er eftirfarandi tafla sem sýnir skiptingu á rekstrarkostnaði á milli leigulína og Ethernet yfir kopar:

	EYK	SHDSL
Sérgreindur kostnaður.....	[...]	[...]
Sameiginlegur kostnaður.....	[...]	[...]
Stofngjöld.....	[...]	[...]
	[...]	[...]
Fjöldi leggja	[...]	[...]
Kostnaður/legg á mánuði	[...]	[...]
Nota í greiningunni núna	[...]	[...]

32) Í umfjöllun Mílu um frávik frá fyrri kostnaðargreiningu segir um rekstrarkostnað vegna lúkningarluta leigulína:



„Eins og sést í útreikningunum hækkar rekstrarkostnaður mjög mikið á milli ára, eða úr rúmlega [...] m.kr. í rúmlega [...] m.kr. Á sama tíma fækkar samböndum um [...] til [...]%. Skýring á hækkun á rekstrarkostnaði má að hluta til rekja til þess að á árinu 2017 voru tveir starfsmenn sem sáu um rekstur á EYK en annar þeirra var í þjálfun, þar sem hinn starfsmaðurinn var að hætta störfum hjá Mílu. Einnig var, eins og sést af því hve mikið samböndum fækkar, mikið um niðurtökur á búnaði. Leigulínur í aðgangsneti er vara sem er á seinni hluta æviferils, fyrirtækjatengingar aðgangskerfa og ljóslínur hafa tekið við, auk þess sem samkeppni frá öðrum fjarskiptafyrirtækjum hefur áhrif. [...]“

### Kostnaður við koparheimtaugar

33) Míla miðar við sömu aðferðir við að ákvarða fjölda heimtauga á bak við hvern hraða en niðurstaðan úr því er notuð við útreikninga Mílu á heimtaugakostnaði fyrir hvern línulegg:

	Fjöldi
64 kb/s.....	[...]
128 kb/s.....	[...]
256 kb/s.....	[...]
512 kb/s.....	[...]
2 Mb/s.....	[...]

34) Við útreikninga á heimtaugakostnaði Ethernet sambanda miðar Míla við eftirfarandi töflu um fjölda heimtauga fyrir mismunandi hraða sambanda:

	Fjöldi
5 Mb/s.....	[...]
10 Mb/s.....	[...]
15 Mb/s.....	[...]
20 Mb/s.....	[...]
25 Mb/s.....	[...]
30 Mb/s.....	[...]
35 Mb/s.....	[...]
40 Mb/s.....	[...]
45 Mb/s.....	[...]

35) Útreikningar Mílu á heimtaugakostnaði taka mið af niðurstöðu kostnaðargreiningar á aðgangi að koparheimtaugum sem PFS hefur samþykkt og birt er samhliða ákvörðun um gjaldskrá fyrir lúkningarluta leigulína.

### 5.4.2 Afstaða PFS

36) Míla hefur lagt fram upplýsingar um rekstrarkostnað vegna aðgangs að lúkningarluta leigulína félagsins á árinu 2017.

37) Við uppfærslu Mílu á kostnaðarlíkaninu úr síðustu kostnaðargreiningu með rekstrartölum ársins 2017 kemur í ljós að rekstrarkostnaður er um [...] milljón kr. Rekstrarkostnaður fyrir árið 2016 var um [...] milljónir kr. og því er um að ræða [...] milljón kr. hækkun milli ára sem er um [...]% hækkun.



- 38) Fordæmi eru fyrir því að PFS hafi farið fram á lækkun rekstrarkostnaðar vegna leigulína ef um mikla hækkun á kostnaði er að ræða og var það raunin með kostnað vegna rekstrarársins 2014. Velta lúkningarluta leigulína er lítil í samhengi við heimtaugar og bitastraumsþjónustu og er þessi markaður á miklu undanhaldi eins og sést þegar litið er til fjölda sambanda. Því geta áhrif frávikanna verið hlutfallslega mikil sem getur valdið mikilli hækkun einingaverða.
- 39) Eins og fram kom hjá Mílu þá var um sérstakar aðstæður að ræða á árinu 2017 sem jók kostnaðinn [...]. PFS fellst á þessa breytingu í ljósi þeirra aðstæðna sem Míla lýsir.
- 40) PFS samþykkir því niðurstöðu Mílu að rekstrarkostnaður á mánuði á hvern legg sé [...] <sup>5</sup> kr. fyrir EYK og [...] <sup>6</sup> kr. fyrir stafrænar leigulínur (SHDSL).
- 41) Kostnaður vegna heimtauga er reiknaður út frá meðalfjölda heimtauga í hverjum gagnaflutningshraða og verðskrá koparheimtauga.
- 42) Kostnaðargreining Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum hefur verið til meðferðar hjá PFS og niðurstaða PFS er að mánaðarverð fyrir aðgang að koparheimtaug verði 1.558 kr.
- 43) Í samræmi við það verður heimtaugakostnaður eftirfarandi:

*Stafrænar leigulínur, hver leggur*

	<b>Fjöldi</b>	<b>Kostn. pr. legg</b>
64 kb/s	[...]	[...]
128 kb/s	[...]	[...]
256 kb/s	[...]	[...]
512 kb/s	[...]	[...]
2 Mb/s	[...]	[...]

*Ethernet yfir kopar*

	<b>Fjöldi</b>	<b>Kostn. pr. legg</b>
5 Mb/s	[...]	[...]
10 Mb/s	[...]	[...]
15 Mb/s	[...]	[...]
20 Mb/s	[...]	[...]
25 Mb/s	[...]	[...]
30 Mb/s	[...]	[...]
35 Mb/s	[...]	[...]
40 Mb/s	[...]	[...]
45 Mb/s	[...]	[...]

<sup>5</sup> Í stað [...] kr.

<sup>6</sup> Í stað [...] kr.



## 5.5 Kostnaður vegna búnaðar

### 5.5.1 Kostnaðargreining Mílu

44) Fram kemur hjá Mílu að ekki hafi verið keyptar nýjar vörur og því sé miðað við óbreytt verð á búnaði.

#### Leigulínur innan svæðis

45) Niðurstaða útreikninga Mílu á stofngjaldi og mánaðargjaldi vegna búnaðarluta leigulína innan svæðis er eftirfarandi:

	Ein.v.	Fj.	Samtals	Nýting	Stofngjald	Mánaðar- gjald
SHDSL-2 DTM DC G703S LT/NT...	[...]	[...]	[...]	50%	[...]	[...]
Uppsetning.....	[...]	[...]	[...]		[...]	[...]
Rekstrarkostnaður.....					[...]	[...]
Samtals					[...]	[...]

#### Leigulínur milli svæða

46) Niðurstaða útreikninga Mílu á stofngjaldi og mánaðargjaldi vegna búnaðarluta leigulína milli svæða er eftirfarandi:

	Ein.v.	Fj.	Samtals	Nýting	Stofngjald	Mánaðar- gjald
LR-SHDSL-s_DTM AC G703S....	[...]	[...]	[...]	50%	[...]	[...]
LR SHDSL-2 LCM.....	[...]	[...]	[...]	50%	[...]	[...]
LRMOD X21.....	[...]	[...]	[...]	50%	[...]	[...]
Uppsetning.....	[...]	[...]	[...]		[...]	[...]
Akstur.....	[...]	[...]	[...]		[...]	[...]
Rekstrarkostnaður.....					[...]	[...]
Samtals					[...]	[...]

#### Leigulínur – einn leggur

47) Niðurstaða útreikninga Mílu á stofngjaldi og mánaðargjaldi vegna búnaðarluta á einum legg leigulína er eftirfarandi:

	Ein.v.	Fj.	Samtals	Nýting	Stofngjald	Mánaðar- gjald
SHDSL-2 DTM DC G703S LT/NT.	[...]	[...]	[...]	50%	[...]	[...]
LR SHDSL-2 LCM.....	[...]	[...]	[...]	50%	[...]	[...]
LRMOD X21.....	[...]	[...]	[...]	50%	[...]	[...]
Uppsetning.....	[...]	[...]	[...]		[...]	[...]
Akstur.....	[...]	[...]	[...]		[...]	[...]
Rekstrarkostnaður.....					[...]	[...]
Samtals					[...]	[...]

#### Ethernet yfir kopar

48) Niðurstaða útreikninga Mílu á stofngjaldi og mánaðargjaldi vegna Ethernet yfir kopar er eftirfarandi:



	Samtals	Nýting	Stofngjald	Mánaðar- gjald
Búnaður fyrir EYK.....	[...]	50%	[...]	[...]
Uppsetning.....	[...]		[...]	[...]
Rekstrarkostnaður.....			[...]	[...]
Samtals			[...]	[...]

### 5.5.2 Afstaða PFS

49) Útreikningar á stofngjaldi og mánaðargjaldi er í samræmi við þá aðferðafræði sem viðhöfð hefur verið í fyrri kostnaðargreiningum Mílu á gjaldskrá fyrir lúkningarluta leigulína. Búnaður er metinn á [...] % m.v. endurkaupsverð. Helmingur af búnaðarverði auk kostnaðar við uppsetningu tilheyrir stofngjaldi og helmingur mánaðargjaldi (árgreiðsla). Við ákvörðun mánaðargjalds er miðað við 7,1% WACC og 6,67 ára líftíma búnaðar.

50) PFS gerir ekki athugasemd við útreikninga Mílu á mánaðargjaldi vegna búnaðar og stofngjaldi.

### 5.6 Útreikningur leiguverðs

51) Mánaðargjald leigulína samanstendur af rekstrarkostnaði, kostnaði vegna búnaðar og heimtaugaleigu eins og tilgreint hefur verið hér að ofan. Um er að ræða einingakostnað.

52) Niðurstaða á útreikningum leiguverða má finna í eftirfarandi töflum:

#### *Leigulína innan sama svæðis*

<b>Mánaðargjöld</b>							
Hraði	Búnaður	Rekstur	Heimtaug	Samtals	Verð áður	Hækkun	
64 kb/s	[...]	[...]	[...]	8.503	7.859	8%	
128 kb/s	[...]	[...]	[...]	8.815	8.140	8%	
256 kb/s	[...]	[...]	[...]	9.126	8.421	8%	
512 kb/s	[...]	[...]	[...]	9.749	8.983	9%	
2 Mb/s	[...]	[...]	[...]	9.905	9.124	9%	
<b>Stofngjald</b>				87.907	87.907	0%	

**Leigulína milli svæða****Mánaðargjöld**

Hraði	Búnaður	Rekstur	Heimtaug	Samtals	Verð áður	Hækkun
64 kb/s	[...]	[...]	[...]	8.934	8.288	8%
128 kb/s	[...]	[...]	[...]	9.245	8.569	8%
256 kb/s	[...]	[...]	[...]	9.557	8.850	8%
512 kb/s	[...]	[...]	[...]	10.180	9.413	8%
2 Mb/s	[...]	[...]	[...]	10.336	9.553	8%
<b>Stofngjald</b>				152.225	152.225	0%

**Leigulína einn leggur****Mánaðargjöld**

Hraði	Búnaður	Rekstur	Heimtaug	Samtals	Verð áður	Hækkun
64 kb/s	[...]	[...]	[...]	4.467	4.144	8%
128 kb/s	[...]	[...]	[...]	4.623	4.284	8%
256 kb/s	[...]	[...]	[...]	4.778	4.425	8%
512 kb/s	[...]	[...]	[...]	5.090	4.706	8%
2 Mb/s	[...]	[...]	[...]	5.168	4.777	8%
<b>Stofngjald</b>				76.112	76.112	0%

**Ethernet yfir kopar****Mánaðargjöld**

Hraði	Búnaður	Rekstur	Heimtaug	Samtals	Verð áður	Hækkun
5 Mb/s	[...]	[...]	[...]	11.887	11.298	5%
10 Mb/s	[...]	[...]	[...]	14.224	12.704	12%
15 Mb/s	[...]	[...]	[...]	15.003	14.110	6%
20 Mb/s	[...]	[...]	[...]	16.561	15.516	7%
25 Mb/s	[...]	[...]	[...]	19.677	18.328	7%
30 Mb/s	[...]	[...]	[...]	20.456	19.031	7%
35 Mb/s	[...]	[...]	[...]	21.235	19.734	8%
40 -100 Mb/s	[...]	[...]	[...]	22.014	20.437	8%
<b>Stofngjald</b>				95.587	95.587	0%

53) Eins og sést hér að framan eru gjaldskrárliðir að hækka mismikið. Vegin meðalhækkun mánaðargjalda er 8% miðað við seld sambönd í desember 2017. Milli árána 2016 og 2017 hefur byggingarvísitalan hækkað um 1,6% en launavísitalan um 6,8%. Er þessi hækkun því umfram verðlagshækkunir frá því núverandi gjaldskrá tók gildi.



54) PFS gerir ekki athugasemd við aðferð Mílu við útreikninga á leiguverði fyrir aðgang að lúkningarhluta leigulína samkvæmt því sem fram kemur hér að framan.

## 5.7 Niðurstaða PFS

55) Í ákvörðun PFS nr. 8/2014, lagði stofnunin kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá vegna aðgangs að lúkningarhluta leigulína, með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga. Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. sömu laga, var kveðið á um að gjaldskráin fyrir viðkomandi aðgang skyldi vera kostnaðarviðmiðuð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

56) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 21/2014 var gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarhluta leigulína ákvörðuð í ákvörðun PFS nr. 7/2017 eftir ítarlega skoðun á kostnaði við þessa þjónustu Mílu og því kostnaðarlíkani sem Míla studdist við í útreikningum sínum.

57) Í ákvörðun PFS nr. 8/2014 er kveðið á um árlega uppfærslu á kostnaðarlíkani fyrir lúkningarhluta leigulína. Í samræmi við það og samkvæmt ákvörðun PFS nr. 7/2017 lagði Míla fram kostnaðargreiningu á bitastraumsþjónustu þann 10. apríl 2018, þar sem kostnaðarlíkan sem samþykkt var í ákvörðun PFS nr. 7/2017 var uppfært með gögnum fyrir rekstrarárið 2017 eins og lýst er í köflunum hér að ofan. Eins og fram kom hjá Mílu þá var um sérstakar aðstæður að ræða á árinu 2017 sem jók rekstrarkostnaðinn [...]. PFS fellst á þessa breytingu í ljósi aðstæðna sem Míla lýsir. Í þessu sambandi er rétt að benda á að langstærsti hluti rekstrarkostnaðar er launakostnaður og hefur launavísitalan hækkað um 6,8% milli árana 2016 og 2017. Að mati PFS er þessi hækkun rekstrarkostnaðar innan þeirra marka sem vænta mætti miðað við þróun launakostnaðar.

58) Niðurstaða PFS byggir á því kostnaðarlíkani sem Míla lagði fram þann 10. apríl 2018 sem var uppfært þann 29. ágúst 2018 með uppfærslu á fyrirhuguðu mánaðarverði fyrir koparheimtaugar.

59) Auk hækkun rekstrarkostnaðar hækkar heimtaugaverð koparheimtauga en gjaldskrá fyrir leigulínur byggir að stórum hluta á mánaðargjaldi fyrir koparheimtaugar. Kostnaður vegna búnaðar stendur hins vegar í stað. Niðurstaðan er 8% meðalhækkun á mánaðarverðum fyrir lúkningarhluta leigulína. Aðrir liðir í gjaldskrá Mílu haldast óbreyttir.

60) Í samræmi við þær forsendur sem fjallað er um hér að framan samþykkir PFS eftirfarandi gjaldskrá Mílu fyrir aðgang að lúkningarhluta leigulína sem byggja á koparheimtaugum:

### *Leigulína innan sama svæðis*

<b>Hraði</b>	<b>Mánaðargjald</b>
64 kb/s	8.503 kr.
128 kb/s	8.815 kr.
256 kb/s	9.126 kr.
512 kb/s	9.749 kr.
2 Mb/s	9.905 kr.
<b>Stofngjald</b>	<b>87.907 kr.</b>



***Leigulína milli svæða***

<b>Hraði</b>	<b>Mánaðargjald</b>
64 kb/s	8.934 kr.
128 kb/s	9.245 kr.
256 kb/s	9.557 kr.
512 kb/s	10.180 kr.
2 Mb/s	10.336 kr.
<hr/>	
<b>Stofngjald</b>	152.225 kr.

***Leigulína einn leggur***

<b>Hraði</b>	<b>Mánaðargjald</b>
64 kb/s	4.467 kr.
128 kb/s	4.623 kr.
256 kb/s	4.778 kr.
512 kb/s	5.090 kr.
2 Mb/s	5.168 kr.
<hr/>	
<b>Stofngjald</b>	76.112 kr.

***Ethernet yfir kopar***

<b>Hraði</b>	<b>Mánaðargjald</b>
5 Mb/s	11.887 kr.
10 Mb/s	14.224 kr.
15 Mb/s	15.003 kr.
20 Mb/s	16.561 kr.
25 Mb/s	19.677 kr.
30 Mb/s	20.456 kr.
35 Mb/s	21.235 kr.
40 -100 Mb/s	22.014 kr.
<hr/>	
<b>Stofngjald</b>	95.587 kr.

61) Þá hefur Míla tilgreint að fyrirtækið hyggist ekki gera breytingu á verðskrá fyrir eftirfarandi þjónustu:



<b>Þjónusta</b>	<b>Verð</b>
Flutningur á stafrænni línu innan svæðis	36.532 kr.
Flutningur á stafrænni línu milli svæða	73.064 kr.
Breyting á hraða, stafræn lína innan svæðis	16.899 kr.
Breyting á hraða, stafræn lína milli svæða	28.164 kr.
Afturköllun vinna hafin við uppsetningu línu	8.884 kr.
Afturköllun vinna hafin við uppsetningu á endabúnaði	36.614 kr.
EYK flutningur á sambandi	57.369 kr.
EYK breyting á hraða	16.889 kr.

62) Öll verð eru án vsk.

63) PFS hyggst fljótlega hefja markaðsgreiningu á markaði 4 samkvæmt nýjum tilmælum ESA frá 2016 um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu en þessir markaðir taka til svipaðrar þjónustu og markaður 6/2008. Eftir að stofnunin hefur greint þennan markað mun verða tekin ákvörðun um hvort viðhalda eigi þeim kvöðum sem nú eru á Mílu í samræmi við ákvörðun PFS nr. 8/2014. PFS áætla að drög að ákvörðun vegna markaðsgreiningar á markaði 4 fari í innanlandssamráð í nóvember eða desember á þessu ári.

64) Þar til ný ákvörðun liggur fyrir gildir ákvörðun PFS nr. 8/2014 um framkvæmd kvaðar um eftirlit með gjaldskrá. Í ákvörðuninni kemur fram að gjaldskráin skuli endurskoðuð árlega í samræmi við árlega uppfærslu kostnaðargreiningarinnar samkvæmt því kostnaðarlíkani sem PFS hefur samþykkt. Í samræmi við það skal Míla leggja fram uppfærslu á kostnaðarlíkaninu byggða á rekstrarárinu 2017 fyrir 1. október 2019.



## Ákvörðunarorð

- 1) Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir kostnaðargreiningu Mílu ehf. samkvæmt síðustu uppfærslu á greiningunni sem barst stofnuninni þann 29. ágúst 2018.
- 2) Stofngjöld og mánaðarleg leiguverð skulu vera í samræmi við það sem fram kemur í viðauka I við ákvörðun þessa.
- 3) Verðskráin tekur gildi 1. júní 2019, en Míla ehf. hefur sent út tilkynningu um gildistöku með tilskildum fyrirvara. Verðskráin skal verða hluti af viðmiðunartilboði félagsins fyrir leigulínur við gildistöku ofangreindra verðbreytinga.
- 4) Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, 16. apríl 2019

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar Þórðarson

Viðauki I: Gjaldskrá.  
Viðauki II: Álit ESA.